



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
Austurstræti 8 - 10

150 REYKJAVÍK

20. nóvember 2006

### Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lagaákvæðum um lífeyrissjóði, 233. mál


Meginefni frumvarpsins er að færa lagaumhverfi lífeyrissjóða til samræmis við það sem um hefur samist í kjarasamningum á almennum vinnumarkaði, þ.e. að lágmarksiðgjald til samtryggingarlífeyrissjóða hækki úr 10% í 12%. Frumvarpið var lagt fram á síðasta þingi en hlaut ekki afgreiðslu. Samtök atvinnulífsins gerðu athugasemd við það að umrædd breyting hefði í för með sér ófyrirséð áhrif á kjarasamning SÍB og SA, en ákvæði þess samnings eru frábrugðin þeim sem almennt eru í gildi hjá öðrum viðsejendum Samtaka atvinnulífsins.

Auknar ævilíkur og vaxandi örorkutíðni voru ástæður þess að árin 2004 og 2005 var samið um hækkun iðgjalds til sameignarlífeyrissjóða í 12% en aukinni byrði af þessum sökum verða lífeyrissjóðir að mæta með hærri iðgjöldum eða niðurfærslu réttinda. Meðalævilengd hefur lengst með hverju ári og áttu þeir sem ná 65 ára aldri 19,3 ár ólifun að meðaltali m.v. reynslu árána 2001-2005, samanborið við 18,3 m.v. tímabilið 1996-2000. Iðgjald til samtryggingar þarf að að öðru óbreyttu að hækka um 0,6% af iðgjaldsstofni vegna hvers árs sem árum á ellilífeyri fjölgar ef ekki á að koma til skerðingar á réttindum. Vaxandi örorkutíðni hér á landi undanfarinn áratug stuðlar að mikilli aukningu framtíðarskuldbindinga sjóðanna vegna örorkulífeyris, en til þess hefur enn ekki verið tekið fullt tillit í tryggingafræðilegu mati á sjóðunum.

Samtök atvinnulífsins telja eðlilegt að lögbundið lágmarksiðgjald til samtryggingarsjóða fylgi þeim kjarasamningum sem gerðir hafa verið á almennum vinnumarkaði, þannig að öllum launamönnum verði tryggður ævilangur lífeyrir úr lífeyrissjóðum með sambærilegum hætti.

Í frumvarpið er nú komið bráðabirgðaákvæði sem hljóðar svo: „Nú er í gildandi kjarasamningi kveðið á um að lágmarksiðgjald til lífeyrissjóðs skuli vera 10% og skal þá heimilt að miða áfram við hlutfallstöluna 10% í 2. málsl. 1. mgr. 2. gr. laga þessara þar til nýr kjarasamningur öðlast gildi.“ Með þessu ákvæði er komið til móts við athugasemd Samtaka atvinnulífsins við fyrri gerð frumvarpsins, en þó með þeim hætti að samningsaðilar er knúnir til þess að hækka iðgjald til samtryggingar við gerð næsta kjarasamnings. Á móti þeirri hækkun hlýtur jafnframt að koma til skoðunar að lækka samningsbundin framlög í séreignar lífeyrissparnað en það nemur 7%. Samtök atvinnulífsins styðja að frumvarpið verði að lögum.

Virðingarfyllst,

  
Hannes G. Sigurðsson

Aðsetur:  
Borgartún 35  
105 Reykjavík

Sími:  
591 00 00

Bréfsími:  
591 00 50

Netfang:  
sa@sa.is

Veffang:  
www.sa.is